



Selfossi 30. mars 2016

Fundargerð stjórnar

3. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn miðvikudaginn 30. mars 2016, kl. 8.15 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Ari Björn Thorarensen, formaður, Ingibjörg Harðardóttir, Eyþór H. Ólafsson, Jón Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.15

1. Drög að ársreikningi

Pétur lagði fram til kynningar frumdrög að ársreikningi 2015.

2. Kjarasamningamál slökkviliðsmanna

Pétur sagði frá nýjum kjarasamningi milli LSS og SNS sem er í atkvæðagreiðslu. Samningurinn mun hafa mikil áhrif á launakostnað BÁ þar sem í honum eru talsverðar hækkanir og hann er afturvirkur til 1.maí 2015.

3. Slökkvistöðvarmál í Árnesi

Rætt um uppbyggingu slökkvistöðvar í Árnesi.

4. Almannavarnir

Rætt um skrifstofu og framkvæmdastjórn almannavarna og hvernig þeim málum verður háttað. Er í vinnslu.

5. Tölfræði

Pétur fór yfir tölfræði ársins 2015.

6. Lánamál

Stjórn heimilar lántöku hjá Landsbanka Íslands að upphæð allt að kr. 5.000.000.- vegna bílakaupa. Pétri falið að ganga frá því.

7. Önnur mál

a. Ráðning nýs varaslökkviliðsstjóra

Pétur, Ari og Ingibjörg sögðu frá ráðningarferli nýs varaslökkviliðsstjóra. Átta sóttu um stöðuna, fjórir voru boðaðir í viðtal og ákveðið var að ráða Hauk Grönli, slökkviliðsmann í Noregi, í starfið. Haukur vinnur nú að flutningum til Íslands og stefnir á að hefja störf í júní.

b. Fundargerðir

Ferill fundargerða ræddur. Eftir að stjórnarmenn hafa samþykkt þær þá verða þær sendar á öll sveitarfélög til samþykktar.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 19. apríl kl. 8:15

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 9:45